Skil á áhöldum; Senda þarf dýnur, þegar þær eru notaðar, til þess félags sem lánaði þær. Einnig þarf að gæta þess að öll flögg, klukkur, flautur og tækjabúnaður, tölvur og skjáir skili sér til KAÍ sem ber ábyrgð á geymslu þeirra.

Uppgjör á mótum; Mótsstjórn þarf að senda gjaldkera KAÍ uppgjör fyrir ÍM um leið og því er lokið. Í uppgjörinu þarf að koma fram fjöldi keppenda frá hverju félagi og hver mótsgjöld hvers félags eigi að vera. Einnig hvort einhverjar kærur hafi komið fram og sektir við þeim ásamt sektum til félaga fyrir að hafa ekki útvegað dómara, starfsmenn eða liðsstjóra.

Gátlisti fyrir ÍMU í kumite

Til þess að ekkert gleymist við undirbúning þá er gott að styðjast við eftirfarandi gátlista;

- Ákveða dagsetningu á mótinu
- Panta íþróttahús
- Ákveða tímasetningu á mótinu
- Tilkynna mótið til aðildafélaga og láta vita um skráningarfrest
- Panta verðlaunagripi
- Fá lækni til að vera á mótinu
- Skipuleggja útdrátt, draga í flokkum, birta á sportdata.org og tilkynning send til aðildarfélaga
- Setja upp dagskrá fyrir mótið
- Tilkynna hvenær vigtun verður
- Prenta út frumgögn fyrir ritara
- Senda út fréttatilkynningu
- Fá keppnisvelli á keppnisstað
- Ná í verðlaunagripi
- Fá stóla og borð fyrir alla
- Dómaraflokk séu til staðar
- Ritaratölvur og skjáir séu til staðar
- Læknataska sé til staðar
- Athuga hvort nægt starfsfólk sé skráð
- Skýringarblað fyrir uppreisn sé klárt
- Skorblöð séu klár
- Eyðublað fyrir liðakeppni sé klárt
- Læknaskýrsla sé klár og staðsett á borði hjá lækni
- Úrslitablað fyrir dómara
- Samantektarblað fyrir úrslit
- Fá myndatöku af sigurvegurum
- Tilkynna úrslit eftir mót
- Skila gögnum á rétta staði
- Skila áhöldum og tölvubúnaði
- Senda uppgjör til gjaldkera KAÍ

Íslandsmeistaramót Unglinga í kata

Undirbúningur

Áður en hægt er að halda Íslandsmeistaramót (ÍMU) unglunga í kata þarf að huga að nokkrum atriðum svo allt gangi vel upp. Sjá nánar reglugerð um Íslandsmeistaramót á vefsíðu KAÍ (<http://kai.is/islandsmeistaramot/>).

Dagsetningar; Íslandsmeistaramót unglunga í kata skal haldið í mars eða apríl.

Tilkynningar; Eftir að mótanefnd hefur ákveðið keppnisdag fyrir mótið er það skráð á kai.is undir "Innlend mótadagskrá" og stofnað á sportdata.org. Þar koma fram mótisdagur, upphafsdagur skráningar og lokadagur skráningar. Miðað er við að skráningu sé lokið 2 sólarhringum fyrir mótið. Við hvern keppnisflokk er sett inn aldurstakmark og þátttökugjald. Staðsetningu mótsins er bætt við um leið og húsnæði er komið á hreint. Tilkynningar frá mótanefnd varðandi mótið eru settar inn á facebook síðu Karatesambandsins, á "Karate á Íslandi" og á heimasíðu Karatesambandsins, www.kai.is. Greiðslu þátttökugjalda skal vera lokið innan viku frá móti.

Keppnisflokkar; Á ÍMU í kata er keppt í þrettán flokkum.

- 1) Kata stúlkur 12 ára.
- 2) Kata stúlkur 13 ára.
- 3) Kata stúlkur 14 ára.
- 4) Kata stúlkur 15 ára.
- 5) Kata stúlkur 16 og 17 ára.
- 6) Kata piltar 12 ára.
- 7) Kata piltar 13 ára.
- 8) Kata piltar 14 ára.
- 9) Kata piltar 15 ára.
- 10) Kata piltar 16 og 17 ára.
- 11) Hópkata táninga 12 og 13 ára.
- 12) Hópkata táninga 14 og 15 ára.
- 13) Hópkata táninga 16 og 17 ára.

Verðlaunagripir; Þanta þarf verðlaunagripi amk 2 vikum áður en mót á sér stað. Einnig þarf að kalla eftir farandbikurum sem veittur er fyrir stigahæsta félagið og tryggja að nafn sigurvegarar síðasta árs sé grafið á bikarinn. Stærðir á bikurum eiga að vera u.þ.b.; Einstaklingsflokkar, 26 cm á hæð, Hópkata, 21 cm á hæð, Félagabikar, 40 cm á hæð, Verðlaunapeningar, 5 cm að þvermáli.



Áletrun verðlaunagripa; Hér er dæmi um áletrun í einstaklingsflokki og í hópkata.

1. millistærð bikar með áletrun; Íslandsmeistari 2022 í kata stúlkur 12 ára
1. silfur medalía, áletrun; ÍMU 2022 kata stúlkur 12 ára
2. brons medalíur, áletrun; ÍMU 2022 kata stúlkur 12 ára
3. litlir bikarar með áletrun; Íslandsmeistarar 2022 í Hópkata táninga 12 og 13 ára

3.silfur medalía, áletrun; ÍMU 2022 Hópkata táninga 12 og 13 ára
6.brons medalíur, áletrun; ÍMU 2022 Hópkata táninga 12 og 13 ára
Félagabíkar; Íslandsmeistari félagsliða í Kata unglunga 2011

Útdráttur; Þegar þátttökutilkynningar frá félögum liggja fyrir þarf að taka saman alla keppendur í viðkomandi flokkum. Þegar fjöldi keppenda í hverjum flokki liggur ljós fyrir þá er keppnisgjafi í sportdata keyrt út og fjöldi umferða í hverjum flokki fundin út. Dregið er í flokkum við uppsetningu mótsins, eftir að útdrátti er lokið eru ekki gerðar neinar breytingar á skráningu keppenda. Í reglum WKF (kafli 3 í katahluta) má sjá hver fjöldi hópa á að vera m.v. fjölda keppenda. Á ÍM er einnig reiknuð heildarstig fyrir félögin. Gæta þarf þess að þeir tveir einstaklingarnir sem voru í fyrsta og öðru sæti árinu á undan, séu settir í sitt hvorn hópinn, einnig ef þessir einstaklingar flytjast um aldursflokk milli ára.

Tímasetningar; Mikilvægt er að reikna rétt út hvað hver flokkur tekur langan tíma svo raða megi þeim á keppnisvelli til að nýta sem best þann tíma sem til umráða er fyrir keppnina. Til viðmiðunar þá er gert ráð fyrir að hver viðureign taki um 3 mínútur.

Keppnisvelli; Samkvæmt reglum þá þarf keppnisvæðið að vera nógu stórt til að leyfa rétta útfærslu á kata. Ef nota á dýnur þá þarf keppnisvöllurinn að vera 8x8 metrar auk 2 metra öryggissvæðis á öllum hliðum (sama útfærsla og í kumitekeppnum), völlurinn á að vera einlitur nema ytri hlutinn af 8x8 metrum sem á að vera í öðrum lit.

Stólar og borð; Fyrir hvern keppnisvöll þá þurfa að vera borð og stólar fyrir ritara,tölvuumsjón og hlaupara sem skráir niður kata keppenda (amk 3 stólar), borð og stólar fyrir dómara (5-7 eftir ákvörðun dómaranefndar). Auk þess þarf að hafa borð fyrir verðlaunagripi og borð/stóla fyrir mótsstjórn.

Starfsfólk; Þátttakendafélögum er skylt að útnefna starfsfólk og er það hlutverk mótanefndar að halda utan um skráningar á þeim. Fyrir ÍMU þarf amk 3 starfsmenn á hvern völlum svo keppnin geti haldið vel áfram. Gott er að hafa 2 starfsmenn auka sem sjá um að næstu 2 keppendur á hvern völlum séu tilbúnir, það flýtir fyrir framkvæmd mótsins.

Dagskrá; Með öllum keppnisgögnum þarf að fylgja dagskrá þar sem tiltekið er á hvaða keppnisvelli hvaða keppnisflokkur á að vera. Einnig þarf að fylgja með tímasetning um hvenær viðkomandi keppnisflokkur á að hefjast. Þessi gögn á að birta á Sportdata þegar búið er að draga í flokkum.

Keppnisgögn; Venja er að láta þátttökufélög vita þegar keppnisgögnin eru tilbúin á sportdata, því það er á ábyrgð liðsstjóra hvers félags að hafa keppnisgögn með sér.

Framkvæmd á ÍMU í kata

Til þess að ÍMU í kata ganga vel fyrir sig þarf að huga að ákveðin atriðum.

Mótsstjóri; Mótanefnd þarf að skipa mótsstjóra sem ber ábyrgð á að mótið gangi vel fyrir sig. Mótsstjóri skipar starfsmenn í stöður og tekur ákvörðun um ef einhverjar breytingar þarf að gera á keppnisgögnum vegna t.d. forfalla. Mótsstjóri heldur liðsstjórafund hálf tíma fyrir mót til að fara yfir loka breytingar á skráningu og taka á athugasemdum ef einhverjar eru við framkvæmd mótsins. Einnig þarf mótsstjóri að meta hvort flytja þurfi keppnisflokka á milli keppnisvalla ef tímaáætlun hefur raskast á einhverjum keppnisvöllum. Mótsstjóri heldur utan um öll úrslit og heldur þeim til haga ásamt því að undirbúa verðlaunaafhendingu.

Tæknistjóri; Mótanefnd þarf að skipa tæknistjóra sem ber ábyrgð á tölvubúnaði á mótsstað. Hann þarf að tengja keppnistölvuna á hverju borði og sjá til þess að þær skili gögnum í aðaltölvu hjá mótsstjórn. Tæknistjóri þarf að tryggja að dómaratöflur (spjaldtölvur) séu rétt tengdar tölvubúnaði svo einkunn hvers dómara skili sér á réttan stað.

Keppnisgögn; Mótanefnd ber ábyrgð á að rétt keppnisgögn séu sett á keppnisvellinga. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þau keppnisgögn sem þurfa að vera til staðar fyrir ÍMU í kata.

Skráningarblöð; Skráningarblöð með nöfnum keppenda eru sett á ritaraborðið til útfyllingar á nafni kata sem viðkomandi gerir í þeirri umferð, ritari ber ábyrgð á að fylla þau rétt út. Þegar keppni í viðkomandi flokki lýkur þá eiga ritarar að koma útfylltum skráningarblöðum aftur til mótanefndar sem heldur utan um þau. Þegar ljóst liggur fyrir, hvaða tveir einstaklingar/lið muni keppa til úrslita í hverjum flokki fyrir sig þá fyllir mótstjóri út sérstakt úrslitablað fyrir þær viðureignir og lætur yfirdómara fá þau áður en úrslit hefjast. Ef færri en 3 keppendur/lið eru í einhverjum flokki þá klárast hann í einni umferð og ekki þarf að geyma neina viðureignir fyrir úrslit.

Katalisti; Fyrir ÍMU þarf að liggja frammi listi fyrir allar leyfilegar kata (sjá kafla 5,1 í WKF reglum, kata hluti), en keppendur þurfa að sýna nýja kata í hverri umferð (athuga undanþágu fyrir 12-13 ára). Ritari sjá um að skrá nafn (númer skv.WKF lista) á þeirri kata sem keppandi sýnir í hverri umferð, yfirlitt er númer á kata skráð á skráningarblöðin til hægðarauka, skráð verður kata hvers keppanda í sportdata. Keppendur þurfa að tilkynna kata áður en umferðin sem þeir taka þátt í hefst. Gæta þarf þess að keppendur sjái ekki hvaða kata keppinautar þeirra hafa tilkynnt inn, því það getur haft áhrif á val seinni keppenda. Þegar keppandi hefur framkvæma kata, má hann ekki endurtaka hana.

Úrslitablað; Á ÍMU á að skilja eftir lokaviðureign í hverjum flokki fyrir sig og fara þær síðan fram eftir að öllum flokkum hefur verið lokið. Allar úrslitaviðureignir eiga sér stað á einum velli og þegar ljóst er hvaða keppendur keppa til úrslita, þegar ritari hefur skilað inn skráningarblöðum, þá fyllir mótstjóri út sérstakt úrslitablað sem hann færir svo yfirdómara mótsins. Yfirdómari skipar svo dómurum á úrslitaviðureignina, en þær fara fram í þeirri röð sem kemur fram á dagskrá mótsins.

Dómaratöflur; Fyrir ÍMU þá þarf að vera 5-7 sett af dómaratöflum til staðar fyrir dómara (fjöldi fer eftir ákvörðun dómaranefndar) á hverjum velli. Tæknistjóri ber ábyrgð á að dómaratöflur séu til staðar og séu rétt tengdar.

Samantekt á úrslitum; Mótstjóri sér um að taka saman öll úrslit og skrá þau þau á úrslitablað, úrslit birtast strax á sportdata. Á ÍMU þarf að reikna út stig hvers einstaklings en keppnisfélag hans fær þau til heildarstiga varðandi hvaða félag stendur uppi sem meistari félaga að lokinni keppni. Fyrir fyrsta sæti er gefið 3 stig, fyrir annað sætið 2 stig en 1 stig fyrir þriðja sæti. Fyrir liðakeppni í kata skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.

Starfsfólk; Á ÍMU þurfa að vera amk 3 starfsmenn fyrir hvern völlum. Ritari, ber ábyrgð á að rétt úrslit séu skráð í keppnistölvu, m.a. að einkunnir dómara hafi skilað sér rétt, aðstoðarritari sem ber ábyrgð á að kalla keppendur upp og segja til um hverjir eigi að vera tilbúnir. Hlaupari sem skráir hvaða kata hver keppandi framkvæmir í hverri umferð, en hann þarf að hafa hjá sér katalista, sjá hér að ofan.

Tæknibúnaður; Fyrir ÍMU í kata þarf að vera tölva á hverjum velli sem heldur utan um stig keppenda, dómaratöflur sem dómara skrá stig hvers keppanda fyrir sig og 2 skjár (ef því er komið við).

Uppsetning; Við borð mótstjóra er aðaltölvun, við hana þarf að tengja keppnistölvurnar sem eru á hverjum velli fyrir sig, svo úrslit í hverri viðureign skili sér á réttan stað.

Keppnistölvur; Setja þarf upp keppnistölvur á hverjum velli fyrir sig og tengja spjaldtölvurnar sem dómara nota, þannig að hver dómari sé með eina spjaldtölvu og að hún sé merkt númeri dómara. Notast er við QR merki til að tengja spjaldtölvu. Gæta þarf þess að spjaldtölvur séu hlaðnar.

Sjónvörp/tölvuskjár; Tengja þarf amk tvo sjónvörp við hvern völlum (ef kostur er), annar skjárinn þarf að snúa að keppendum og hinn til hliðar sem dómara sjá, það er gert til að tryggja að réttur keppandi sé á vellingum og að sú kata sem hann hefur skráð í þeirri umferð sjáist. Ef aukaskjár er til, þá er gott að setja hann hjá upphitunarsvæði svo keppendur/þjálfarar geti fylgst með framvindu mótsins.

Kataskráning; Ef ákveðið er að hafa kataskráningu á sér borði, þá þarf að tengja tölvu á því svæði svo hægt er að skrá hvaða kata keppendur framkvæma í hverri umferð.

Vefútsending: KAÍ streymir frá öllum mótum á youtube rás sambandsins, sjá www.youtube.com (leita að Karatesambandi Íslands).

Verðlaunaafhending; Þegar öllum úrslitum er lokið á ÍMU, þá fer fram verðlaunaafhending og er hún á ábyrgð mótstjórnar. Mikilvægt er að amk 2 hafi farið yfir öll úrslit þannig að þau skráist rétt ásamt því að stig félaga hafi verið skráð rétt. Mótstjóri og fulltrúi KAÍ afhenda keppendum verðlaun sín og tilkynna hvaða félag hafi orðið meistari félaga.

Myndataka; Mjög mikilvægt er að gera ráð fyrir að myndataka verði af öllum sigurvegum svo hægt sé að senda fjölmiðlum upplýsingar og myndir, en einnig svo KAÍ geti birt myndir með úrslitum á heimasíðu sinni. Senda þarf fjölmiðlum myndir af sigurvegum um leið og mót er lokið.

Frágangur eftir ÍMU í kata

Það eru nokkur atriði sem þarf að huga að þegar ÍMU er lokið.

Tilkynning á úrslitum; Mótstjóri sendir stjórn KAÍ úrslitin um leið og þau eru klár og eru þau birt á heimasíðu KAÍ og á sportdata.

Fjölmiðlatilkynningar; Senda þarf fjölmiðlum úrslitin um leið og mót er lokið ásamt myndum. Gott er að taka saman í orðum það helsta sem hefur gerst, hvort einhverjir einstaklingar hafi unnið fleiri en einn titil o.s.frv. Fjölmiðlar eru líklegri til að birta umfjallanir ef þeir fá til sín tilbúna texta frekar en hrá úrslit. Það er best að senda úrslitin sem ritvinnsluskjal en ekki excelskjal því það er auðveldara fyrir fjölmiðla að vinna úr ritvinnsluskjölum.

Skil á gögnum; Skila þarf opinberum keppnisgögnum til stjórnar KAÍ sem geymir öll gögn í viðeigandi möppum.

Skil á áhöldum; Senda þarf dýnur, þegar þær eru notaðar, til þess félags sem lánaði þær. Einnig þarf að gæta þess að allur tæknibúnaður, tölur og skjáir skili sér til KAÍ sem ber ábyrgð á geymslu þeirra.

Uppgjör á mótum; Mótstjórn þarf að senda gjaldkera KAÍ uppgjör fyrir ÍMU um leið og því er lokið. Í uppgjörinu þarf að koma fram fjöldi keppenda frá hverju félagi og hver mótsgjöld hvers félags eigi að vera. Einnig hvort einhverjar kærur hafi komið fram og sektir við þeim ásamt sektum til félaga fyrir að hafa ekki útvegað dómara, starfsmenn eða liðsstjóra.

Gátlisti fyrir ÍMU í kata

Til þess að ekkert gleymist við undirbúning þá er gott að styðjast við eftirfarandi gátlista;

- Ákveða dagsetningu á mótinu
- Pantar íþróttahús
- Ákveða tímasetningu á mótinu
- Tilkynna mótið til aðildafélaga og láta vita um skráningarfrest
- Pantar verðlaunagrip
- Skipuleggja útdrátt, draga í flokkum, birta á sportdata.org og tilkynning send til aðildarfélaga
- Setja upp dagskrá fyrir mótið
- Prenta út frumgögn fyrir ritara og hlaupara
- Senda út fréttatilkynningu
- Fá keppnisvelli á keppnisstað
- Ná í verðlaunagrip
- Fá stóla og borð fyrir alla
- Dómaratöflur séu til staðar
- Ritaratölvur og skjáir séu til staðar
- Athuga hvort nægt starfsfólk sé skráð
- Katalisti sé klár
- Úrslitablað fyrir dómara
- Samantektarblað fyrir úrslit
- Fá myndatöku af sigurvegurum
- Tilkynna úrslit eftir mót
- Skila gögnum á rétta staði
- Skila áhöldum og tölvubúnaði
- Senda uppgjör til gjaldkera KAÍ

Íslandsmeistaramót Barna í kata

Undirbúningur

Áður en hægt er að halda Íslandsmeistaramót (ÍMB) barna í kata þarf að huga að nokkrum atriðum svo allt gangi vel upp. Sjá nánar reglugerð um Íslandsmeistaramót á vefsíðu KAÍ (<http://kai.is/islandsmeistaramot/>).

Dagsetningar; Íslandsmeistaramót barna í kata skal haldið í mars eða apríl.

Tilkynningar; Eftir að mótanefnd hefur ákveðið keppnisdag fyrir mótið er það skráð á kai.is undir "Innlend mótadagskrá" og stofnað á sportdata.org. Þar koma fram mótisdagur, upphafsdagur skráningar og lokadagur skráningar. Miðað er við að skráningu sé lokið 2 sólarhringum fyrir mótið. Við hvern keppnisflokk er sett inn aldurstakmark og þátttökugjald. Staðsetningu mótsins er bætt við um leið og húsnæði er komið á hreint. Tilkynningar frá mótanefnd varðandi mótið eru settar inn á facebook síðu Karatesambandsins, á "Karate á Íslandi" og á heimasíðu Karatesambandsins, www.kai.is. Greiðslu þátttökugjalda skal vera lokið innan viku frá móti.

Keppnisflokkar; Á ÍMB í kata er keppt í tíu flokkum.

- 1) Kata stúlkna 8 ára og yngri.
- 2) Kata stúlkna 9 ára.
- 3) Kata stúlkna 10 ára.
- 4) Kata stúlkna 11 ára.
- 5) Kata pilta 8 ára og yngri.
- 6) Kata pilta 9 ára.
- 7) Kata pilta 10 ára.
- 8) Kata pilta 11 ára.
- 9) Hópkata krakka 9 ára og yngri.
- 10) Hópkata krakka 10 ára og 11 ára.

Verðlaunagripir; Þanta þarf verðlaunagripir amk 2 vikum áður en mót á sér stað. Einnig þarf að kalla eftir farandbikurum sem veittur er fyrir stigahæsta félagið og tryggja að nafn sigurvegarar síðasta árs sé grafið á bikarinn. Stærðir á bikurum eiga að vera u.þ.b.; Einstaklingsflokkar, 26 cm á hæð, Hópkata, 21 cm á hæð, Félagabikar, 40 cm á hæð, Verðlaunapeningar, 5 cm að þvermáli.



Áletrun verðlaunagripa; Hér er dæmi um áletrun í einstaklingsflokki og í hópkata.

1. millistærð bikar með áletrun; Íslandsmeistari 2022 í kata barna 9 ára
 - 1.silfur medalía, áletrun; ÍMB 2022 kata barna 9 ára
 - 2.brons medalíur, áletrun; ÍMB 2022 kata barna 9 ára
 - 3.litlir bikarar með áletrun; Íslandsmeistarar 2022 í Hópkata krakka 10 og 11 ára
 - 3.silfur medalía, áletrun; ÍMB 2022 Hópkata krakka 10 og 11 ára
 - 6.brons medalíur, áletrun; ÍMB 2022 Hópkata krakka 10 og 11 ára
- Félagabikar; Íslandsmeistari félagsliða í Kata barna 2022

Útdráttur; Þegar þátttökutilkynningar frá félögum liggja fyrir þarf að taka saman alla keppendur í viðkomandi flokkum. Þegar fjöldi keppenda í hverjum flokki liggur ljós fyrir þá er keppnisskjal í sportdata keyrt út og fjöldi umferða í hverjum flokki fundin út. Dregið er í flokkum við uppsetningu mótsins, eftir að útdrátti er lokið eru ekki gerða neinar breytingar á skráningu keppenda. Í reglum WKF (kafla 3 í katahluta) má sjá hver fjöldi hópa á að vera m.v. fjölda keppenda. Á ÍM er einnig reiknuð heildarstig fyrir félögin. Gæta þarf þess að þeir tveir einstaklingarnir sem voru í fyrsta og öðru sæti árinu á undan, séu settir í sitt hvorn hópinn, einnig ef þessir einstaklingar flytjast um aldursflokk milli ára.

Tímasetningar Mikilvægt er að reikna rétt út hvað hver flokkur tekur langan tíma svo raða megi þeim á keppnisvelli til að nýta sem best þann tíma sem til umráða er fyrir keppnina. Til viðmiðunar þá er gert ráð fyrir að hver viðureign taki um 3 mínútur.

Keppnisvellir; Samkvæmt reglum þá þarf keppnissvæðið að vera nógu stórt til að leyfa rétta útfærslu á kata. Ef nota á dýnur þá þarf keppnisvöllurinn að vera 8x8 metrar auk 2 metra öryggissvæðis á öllum hliðum (sama útfærsla og í kumitekeppnum), völlurinn á að vera einslitur nema ytri hlutinn af 8x8 metrum sem á að vera í öðrum lit.

Stólar og borð; Fyrir hvern keppnisvöll þá þurfa að vera borð og stólar fyrir ritara og tölvuumsjón (amk 3 stólar), stólar fyrir dómara (5 stk). Auk þess þarf að hafa borð fyrir verðlaunagrip og borð/stóla fyrir mótsstjórn.

Starfsfólk; Þátttakendafélögum er skylt að útnefna starfsfólk og er það hlutverk mótanefndar að halda utan um skráningar á þeim. Fyrir ÍMB þarf amk 3 starfsmenn á hvern völlum svo keppnin geti haldið vel áfram. Gott er að hafa 2 starfsmenn auka sem sjá um að næstu 2 keppendur á hvern völlum séu tilbúnir, það flýtir fyrir framkvæmd mótsins.

Dagskrá; Með öllum keppnisgögnum þarf að fylgja dagskrá þar sem tiltekið er á hvaða keppnisvelli hvaða keppnisflokkur á að vera. Einnig þarf að fylgja með tímasetning um hvenær viðkomandi keppnisflokkur á að hefjast. Þessi gögn á að birta á Sportdata þegar búið er að draga í flokkum.

Keppnisgögn; Venja er að láta þátttökufélög vita þegar keppnisgögnin eru tilbún á sportdata, því það er á ábyrgð liðsstjóra hvers félags að hafa keppnisgögn með sér.

Framkvæmd á ÍMB í kata

Til þess að ÍMB í kata ganga vel fyrir sig þá þarf að huga að ákveðin atriðum.

Mótsstjóri; Mótanefnd þarf að skipa mótsstjóra sem ber ábyrgð á að mótið gangi vel fyrir sig. Mótsstjóri skipar starfsmenn í stöður og tekur ákvörðun um ef einhverjar breytingar þarf að gera á keppnisgögnum vegna t.d. forfalla. Mótsstjóri heldur liðsstjórafund hálf tíma fyrir mót til að fara yfir loka breytingar á skráningu og taka á athugasemdum ef einhverjar eru við framkvæmd mótsins. Einnig þarf mótsstjóri að meta hvort flytja þurfi keppnisflokka á milli keppnisvalla ef tímaáætlun hefur raskast á einhverjum keppnisvöllum. Mótsstjóri heldur utan um öll úrslit og heldur þeim til haga ásamt því að undirbúa verðlaunaafhendingu.

Tæknistjóri; Mótanefnd þarf að skipa tæknistjóra sem ber ábyrgð á tölvubúnaði á mótsstað. Hann þarf að tengja keppnistölvuna á hverju borði og sjá til þess að þær skili gögnum í aðaltölvu hjá mótsstjórn.

Keppnisgögn; Mótanefnd ber ábyrgð á að rétt keppnisgögn séu sett á keppnisvöllina. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þau keppnisgögn sem þurfa að vera til staðar fyrir ÍMB í kata.

Skráningarblöð; Skráningarblöð með nöfnum keppenda eru sett á ritaborðið til útfyllingar á nafni kata sem viðkomandi gerir í þeirri umferð, ritari ber ábyrgð á að fylla þau rétt út. Þegar keppni í viðkomandi flokki lýkur þá eiga ritara að koma útfylltum skráningarblöðum aftur til mótanefndar

sem heldur utan um þau. Þegar ljóst liggur fyrir, hvaða tveir einstaklingar/lið muni keppa til úrslita í hverjum flokki fyrir sig þá fyllir mótstjóri út sérstakt úrslitablað fyrir þær viðureignir og lætur yfirdómara fá þau áður en úrslit hefjast.

Uppreisnarkerfi; Mjög mikilvægt er að skýringarblað fyrir uppreisnir fylgi með á ritaborðum, svo allir geti áttað sig á hvernig uppreisnarkerfið virkar. Þeir keppendur sem tapa fyrir þeim tveimur sem komast í úrslit, eiga rétt á að keppa um þriðja sætið. Nánari útskýring fylgir hér fyrir aftan.

Úrslitablað; Á ÍMB á að skilja eftir lokaviðureign í hverjum flokki fyrir sig og fara þær síðan fram eftir að öllum flokkum hefur verið lokið. Allar úrslitaviðureignir eiga sér stað á einum velli og þegar ljóst er hvaða keppendur keppa til úrslita, þegar ritari hefur skilað inn skráningarblöðum, þá fyllir mótstjóri út sérstakt úrslitablað sem hann færir svo yfirdómara mótsins. Yfirdómari skipar svo dómurum á úrslitaviðureignina, en þær fara fram í þeirri röð sem kemur fram á dagskrá mótsins.

Dómaraflokk; Fyrir ÍMB þá þarf að vera 5 sett af dómaraflokkum til staðar fyrir dómara og eitt sett fyrir ritaborð, þar sem ritari gefur til kynna með viðeigandi lituðu flaggi hver hefur sigrað.

Samantekt á úrslitum; Mótstjóri sér um að taka saman öll úrslit og skrá þau þau á úrslitablað. Á ÍMB þarf að reikna út stig hvers einstaklings en keppnisfélag hans fær þau til heildarstiga varðandi hvaða félag stendur uppi sem meistari félaga að lokinni keppni. Fyrir fyrsta sæti er gefið 3 stig, fyrir annað sætið 2 stig en 1 stig fyrir þriðja sæti. Fyrir liðakeppni í kata skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.

Starfsfólk; Á ÍMB þurfa að vera amk 3 starfsmenn á hvern völlum. Ritari, ber ábyrgð á að rétt úrslit séu skráð í keppnistölvu, aðstoðarritari sem ber ábyrgð á að kalla keppendur upp og segja til um hverjir eigi að vera tilbúnir. Skráningarmaður sem skráir hvaða kata hver keppandi framkvæmir í hverri umferð, en hann þarf að hafa hjá sér katalista, sjá hér að ofan.

Tæknibúnaður; Fyrir ÍMB þarf að vera tölva á hverjum velli sem heldur utan um úrslit í hverri viðureign og stig keppenda. Svo þarf að hafa 2 skjáir (ef því er komið við).

Uppsetning; Við borð mótstjóra er aðaltölvun, við hana þarf að tengja keppnistölvurnar sem eru á hverjum velli fyrir sig, svo úrslit í hverri viðureign skili sér á réttan stað.

Keppnistölvur; Setja þarf upp keppnistölvur á hverjum velli fyrir sig.

Sjónvörp/tölvuskjár; Tengja þarf amk tvo sjónvörp við hvern völlum (ef kostur er), annar skjárinn þarf að snúa að keppendum og hinn til hliðar sem dómara sjá, það er gert til að tryggja að réttur keppandi sé á vellinum. Ef aukaskjár er til, þá er gott að setja hann hjá upphitunarsvæði svo keppendur/þjálfarar geti fylgst með framvindu mótsins.

Vefútsending; KAÍ streymir frá öllum mótum á youtube rás sambandsins, sjá www.youtube.com (leita að Karatesambandi Íslands).

Verðlaunaafhending; Þegar öllum úrslitum er lokið á ÍMB, þá fer fram verðlaunaafhending og er hún á ábyrgð mótstjórna. Mikilvægt er að amk 2 hafi farið yfir öll úrslit þannig að þau skráist rétt ásamt því að stig félaga hafi verið skráð rétt. Mótstjóri og fulltrúi KAÍ afhenda keppendum verðlaun sín og tilkynna hvaða félag hafi orðið meistari félaga.

Myndataka; Mjög mikilvægt er að gera ráð fyrir að myndataka verði af öllum sigurvegurum svo hægt sé að senda fjölmiðlum upplýsingar og myndir, en einnig svo KAÍ geti birt myndir með úrslitum á heimasíðu sinni. Senda þarf fjölmiðlum myndir af sigurvegurum um leið og mót er lokið.

Frágangur eftir ÍMB í kata

Það eru nokkur atriði sem þarf að huga að þegar ÍMB er lokið.

Tilkynning á úrslitum; Mótstjóri sendir stjórn KAÍ úrslitin um leið og þau eru klár og eru þau birt á heimasíðu KAÍ og á sportdata.

Fjölmiðlatilkynningar; Senda þarf fjölmiðlum úrslitin um leið og mót er lokið ásamt myndum. Gott er að taka saman í orðum það helsta sem hefur gerst, hvort einhverjir einstaklingar hafi unnið fleiri

en einn titil o.s.frv. Fjölmiðlar eru líklegri til að birta umfjallanir ef þeir fá til sín tilbúna texta frekar en hrá úrslit. Það er best að senda úrslitin sem ritvinnsluskjal en ekki excelskjál því það er auðveldara fyrir fjölmiðla að vinna úr ritvinnsluskjöllum.

Skil á gögnum; Skila þarf opinberum keppnisgögnum til stjórnar KAÍ sem geymir öll gögn í viðeigandi möppum.

Skil á áhöldum; Senda þarf dýnur, þegar þær eru notaðar, til þess félags sem lánaði þær. Einnig þarf að gæta þess að öll flögg, klukkur og flautur skili sér til KAÍ sem ber ábyrgð á geymslu þeirra.

Uppgjör á mótum; Mótsstjórn þarf að senda gjaldkera KAÍ uppgjör fyrir ÍMB um leið og því er lokið. Í uppgjörinu þarf að koma fram fjöldi keppenda frá hverju félagi og hver mótsgjöld hvers félags eigi að vera. Einnig hvort einhverjar kærur hafi komið fram og sektir við þeim ásamt sektum til félaga fyrir að hafa ekki útvegað dómara, starfsmenn eða liðsstjóra.

Gátlisti fyrir ÍMB í kata

Til þess að ekkert gleymist við undirbúning þá er gott að styðjast við eftirfarandi gátlista;

- Ákveða dagsetningu á mótinu
- Panta íþróttahús
- Ákveða tímasetningu á mótinu
- Tilkynna mótið til aðildafélaga og láta vita um skráningarfrest
- Panta verðlaunagrip
- Skipuleggja útdrátt, draga í flokkum, birta á sportdata.org og tilkynning send til aðildarfélaga
- Setja upp dagskrá fyrir mótið
- Prenta út frumgögn fyrir ritara og hlaupara
- Senda út fréttatilkynningu
- Fá keppnisvelli á keppnisstað
- Ná í verðlaunagrip
- Fá stóla og borð fyrir alla
- Dómaratöflur séu til staðar
- Ritaratölvur og skjáir séu til staðar
- Athuga hvort nægt starfsfólk sé skráð
- Úrslitablað fyrir dómara
- Samantektarblað fyrir úrslit
- Fá myndatöku af sigurvegurum
- Tilkynna úrslit eftir mót
- Skila gögnum á rétta staði
- Skila áhöldum og tölvubúnaði
- Senda uppgjör til gjaldkera KAÍ

Bikarmót fullorðinna

Undirbúningur

Áður en hægt er að halda Bikarmót fullorðinna þarf að huga að nokkrum atriðum svo allt gangi vel upp. Sjá nánar reglugerð um Bikarmót á vefsíðu KAÍ (<http://kai.is/bikarmot/>).

Dagsetningar; Bikarmót (BM) fullorðinna eru haldin yfir almanaksárið. Bikarmótinu skal skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite.

Tilkynningar; Eftir að mótanefnd hefur ákveðið keppnisdag fyrir mótið er það skráð á kai.is undir "Innlend mótadagskrá" og stofnað á sportdata.org. Þar koma fram mótisdagur, upphafsdagur skráningar og lokadagur skráningar. Miðað er við að skráningu sé lokið 2 sólarhringum fyrir mótið. Við hvern keppnisflokk er sett inn aldurstakmark og þátttökugjald. Staðsetningu mótsins er bætt við um leið og húsnæði er komið á hreint. Tilkynningar frá mótanefnd varðandi mótið eru settar inn á facebook síðu Karatesambandsins, á "Karate á Íslandi" og á heimasíðu Karatesambandsins, www.kai.is. Greiðslu þátttökugjalda skal vera lokið innan viku frá móti.

Keppnisflokkar; Á BM er keppt í fjórum flokkum.

- 1) Kata kvenna
- 2) Kata karla
- 3) Kumite kvenna, opinn flokkur
- 4) Kumite karla opinn flokkur

Verðlaunagripir; Þanta þarf verðlaunagripir amk 2 vikum áður en síðasta mót á sér stað. Einnig þarf að kalla eftir farandbikurum sem veittir eru í karla- og kvennaflokki og tryggja að nöfn sigurvegarar síðasta keppnistímabils séu grafinn á bikarana. Stærðir á verðlaunum eiga að vera u.þ.b.; Einstaklingsflokkur, 26 cm á hæð, Verðlaunapeningar, 7 cm að þvermáli.



Áletrun verðlaunagripa; Hér er dæmi um áletrun.

1. millistærð bikar/skjöldur með áletrun; Bikarmeistaramót 2022 Karlaflokkur 1.sæti
- 1.silfur medalía, áletrun; Bikarmeistaramót 2022 Karlaflokkur 2.sæti
- 1.brons medalía, áletrun; Bikarmeistaramót 2022 Karlaflokkur 3.sæti

Útdráttur; Þegar þátttökutilkynningar frá félögum liggja fyrir þarf að taka saman alla keppendur í viðkomandi flokkum. Þegar fjöldi keppenda í hverjum flokki liggur ljós fyrir þá er keppnisskjal í sportdata keyrt út og fjöldi umferða í hverjum flokki fundin út. Dregið er í flokkum við uppsetningu mótsins, eftir að útdrátti er lokið eru ekki gerða neinar breytingar á skráningu keppenda. Eina undantekningin er þegar dregið er fyrir síðasta mótið, þá eiga þeir tveir einstaklingar sem eru hæstir að stigum eftir næst síðasta mót, að vera í sitt hvorum hópnum.

Tímasetningar; Mikilvægt er að reikna rétt út hvað hver flokkur tekur langan tíma svo raða megi þeim á keppnisvelli til að nýta sem best þann tíma sem til umráða er fyrir keppnina. Til viðmiðunar þá er gert ráð fyrir að hver viðureign taki um 5 mínútur.

Keppnisvellir; Samkvæmt reglum þá þarf keppnisvöllurinn að vera 8x8 metrar auk 2 metra öryggissvæðis á öllum hliðum. Fyrir kumitekeppni, þá skal snúa við tveimur dýnum 1 metra frá miðju sitt hvoru megin. Fyrir katakeppni þá skal völluminn vera einslitur nema ytri hlutinn af 8x8 metrum sem á að vera í öðrum lit. Mótanefnd þarf að tryggja að nægur fjöldi keppnisvalla sé fyrir hendi áður en mótið hefst, annað hvort hjá því félagi sem heldur mótið eða þá fá keppnisvöll lánaðan og sendan á staðinn.

Stólar og borð; Fyrir hvern keppnisvöll í kumite þá þurfa að vera borð og stólar fyrir ritara (amk 3 stólar), stólar fyrir dómara (5 stk), 4 við völluminn og 1 stóll við hliðina á ritaraborðinu. Einnig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir lækni. Fyrir katakeppni þá þarf borð og stóla fyrir 5-7 dómara eftir ákvörðun dómaranefndar, auk borð og stóls fyrir hlaupara sem skráir niður kata keppenda. Auk þess þarf að hafa borð/stóla fyrir mótsstjórn.

Starfsfólk; Þátttakendafélögum er skylt að útnefna starfsfólk og er það hlutverk mótanefndar að halda utan um skráningar á þeim. Fyrir BM amk 3 starfsmenn á hvern völluminn svo keppnin geti haldið vel áfram. Það þarf að vera amk 1 vanur starfsmaður á hverjum velli sem kann á kumiteklu/keppnistölvu. Að auki þarf starfsfólk til að setja upp keppnisvelli, ritaraborð og stóla fyrir dómara. Venja hefur verið að það félag sem tekur að sér viðkomandi mót sjái um uppsetningu á keppnisstað, en það er á ábyrgð mótanefndar að rétt sé staðið að uppsetningu.

Læknir; Á öllum kumitekeppnum þarf læknir að vera til staðar eins og sagt er til í reglum. Læknir þarf að fylla út læknisskýrslu ef einhver keppandi fær áverka sem gætu haft áhrif í seinni bardögum. Gæta þarf þess að læknisskýrslur keppenda séu aðgengilegar læknum, yfirleitt eru þær geymdar á ritaraborðinu þar sem viðkomandi keppni fer fram.

Læknataska; KAÍ á læknatösku sem er geymd með öðru keppnisgögnum, en hún þarf að vera til staðar á öllum kumitemótum.

Kumiteklu/keppnistölvu; KAÍ á keppnistölvu sem nota þarf í kumitekeppnum, stuðst er við kumitekerfi og klukku í gegnum sportdata. Eina tölvu þarf á hvern kumitevölluminn sem á að nota. Að auki er gott að til staðar sé skeiðklukka og flauta, til öryggis.

Dagskrá; Með öllum keppnisgögnum þarf að fylgja dagskrá þar sem tiltekið er á hvaða keppnisvelli hvaða keppnisflokkur á að vera. Einnig þarf að fylgja með tímasetning um hvenær viðkomandi keppnisflokkur á að hefjast. Þessi gögn á að birta á Sportdata þegar búið er að draga í flokkum.

Keppnisgögn; Venja er að láta þáttökufélög vita þegar keppnisgögnin eru tilbúin á sportdata, því það er á ábyrgð liðsstjóra hvers félags að hafa keppnisgögn með sér.

Framkvæmd á BM

Til þess að BM ganga vel fyrir sig þá þarf að huga að ákveðin atriðum.

Mótsstjóri; Mótanefnd þarf að skipa mótsstjóra sem ber ábyrgð á að mótið gangi vel fyrir sig. Mótsstjóri skipar starfsmenn í stöður og tekur ákvörðun um ef einhverjar breytingar þarf að gera á keppnisgögnum vegna t.d. forfalla. Mótsstjóri heldur liðsstjórafund hálf tíma fyrir mót til að fara yfir loka breytingar á skráningu og taka á athugasemdum ef einhverjar eru við framkvæmd mótsins. Einnig þarf mótsstjóri að meta hvort flytja þurfi keppnisflokk á milli keppnisvalla ef tímaáætlun hefur raskast á einhverjum keppnisvöllum. Mótsstjóri heldur utan um öll úrslit og heldur þeim til haga ásamt því að undirbúa verðlaunaafhendingu.

Tæknistjóri; Mótanefnd þarf að skipa tæknistjóra sem ber ábyrgð á tölvubúnaði á mótsstað. Hann þarf að tengja keppnistölvu á hverju borði og sjá til þess að þær skili gögnum í aðaltölvu hjá mótsstjórn.

Keppnisgögn; Mótanefnd ber ábyrgð á að rétt keppnisgögn séu sett á keppnisvellina. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þau keppnisgögn sem þurfa að vera til staðar fyrir BM í kumite.

Skráningarblöð; Skráningarblöð með nöfnum keppenda eru sett á ritaborðið til útfyllingar, ritari ber ábyrgð á að fylla þau rétt út, bæði hvað úrslit hvernig viðureignar varðar sem og hvernig hún fer, þ.e. stig hvors keppanda fyrir sig. Þegar keppni í viðkomandi flokki lýkur þá eiga ritara að koma útfylltum skráningarblöðum aftur til mótanefndar sem heldur utan um þau.

Katalisti; Fyrir BM þarf að liggja frammi listi fyrir allar leyfilegar kata (sjá kafla 5,1 í WKF reglum, kata hluti), en keppendur þurfa að sýna nýja kata í hverri umferð. Ritarar sjá um að skrá nafn (númer skv.WKF lista) á þeirri kata sem keppandi sýnir í hverri umferð, yfirleitt er númer á kata skráð á skráningarblöðin til hægðarauka, skráð verður kata hvers keppanda í sportdata. Keppendur þurfa að tilkynna kata áður en umferðin sem þeir taka þátt í hefst. Gæta þarf þess að keppendur sjái ekki hvaða kata keppinautar þeirra hafa tilkynnt inn, því það getur haft áhrif á val seinni keppenda. Þegar keppandi hefur framkvæma kata, má hann ekki endurtaka hana.

Uppreisnarkerfi; Mjög mikilvægt er að skýringarblað fyrir uppreisnir fylgi með á ritaborðum, svo allir geti áttað sig á hvernig uppreisnarkerfið virkar í kumite. Þeir keppendur sem tapa fyrir þeim tveimur sem komast í úrslit, eiga rétt á að keppa um þriðja sætið. Nánari útskýring fylgir hér fyrir aftan.

Dómaraflokk; Fyrir BM þá þarf að vera 4 sett af dómaraflokkum til að nota í kumite fyrir hvern völl og eitt rautt flagg sem Eftirlitsdómari notar.

Dómaratöflur; Fyrir BM þá þarf að vera 5-7 sett af dómaratöflum til staðar fyrir dómara (fjöldi fer eftir ákvörðun dómaranefndar) á hverjum velli. Tæknistjóri ber ábyrgð á að dómaratöflur séu til staðar og séu rétt tengdar.

Skorblöð; Fyrir kumitekeppnir þá þurfa skorblöð að vera til staðar, en sýnishorn af þeim er hér fyrir aftan. Þegar viðureign lýkur og keppni í viðkomandi flokki er lokið, þá fara skorblöðin með skráningarblöðin til mótstjóra. Gæta verður þess að fylla út á skorblöðunum, hvaða flokk sé um að ræða og nafn/félag keppenda. Skorblöð eru hluti af gögnum mótsins.

Merki dómara í kumite; Fyrir allar kumitekeppnir þurfa skýringarblöð með merkjum dómara að liggja fyrir. Þar er útskýrt þau merki sem aðaldómari notar til að gefa stig og refsingar. Mjög mikilvægt er að sá aðili sem fyllir út skorblaðið og sá sem er á klukkunni, þekki vel til merkinga dómara.

Læknaskýrsla; Á hverju kumitemóti þarf að vera til læknaskýrsla sem er þá merkt hverjum keppanda fyrir sig ef viðkomandi hefur hlotið aðhlyningu af lækni mótsins.

Samantekt á úrslitum; Mótstjóri sér um að taka saman öll úrslit og skrá þau á úrslitablað. Á BM þá þarf að reikna út stig hvers einstaklings. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðju sæti, 3 stig fyrir að tapa viðureign um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti.

Starfsfólk; Á BM þurfa að vera amk 3 starfsmenn á hvern völl. Fyrir katakeppnina þá ber Ritari ábyrgð á að rétt úrslit séu skráð í keppnistölvu, m.a. að einkunnir dómara hafi skilað sér rétt, aðstoðarritari sem ber ábyrgð á að kalla keppendur upp og segja til um hverjir eigi að vera tilbúnir. Hlaupari sem skráir hvaða kata hver keppandi framkvæmir í hverri umferð, en hann þarf að hafa hjá sér katalista, sjá hér að ofan. Fyrir kumitekeppni þá sér Tímavörður um keppnistölvuna/sportdata, ritari sem sér um að fylla út rétt úrslit á skráningarblöðin og aðstoðarritari sem skráir merkingar dómara á skorblað (stig og aðvaranir).

Tæknibúnaður; Fyrir BM í kumite þarf að vera tölva á hverjum velli sem heldur utan um úrslit í hverri viðureign og stig keppenda. Svo þarf að hafa 2 skjáir (ef því er komið við).

Uppsetning; Við borð mótstjóra er aðaltölvun, við hana þarf að tengja keppnistölvurnar sem eru á hverjum velli fyrir sig, svo úrslit í hverri viðureign skili sér á réttan stað.

Keppnistölvur; Setja þarf upp keppnistölvur á hverju velli fyrir sig og athuga hvort

kumiteklukkan sé í lagi. Fyrir kata þá þarf tengja spjalddölvurnar sem dómara nota, þannig að hver dómari sé með eina spjalddölvu og að hún sé merkt númeri dómara. Notast er við QR merki til að tengja spjalddölvu. Gæta þarf þess að spjalddölvur séu hlaðnar.

Sjónvörp/tölvuskjár: Tengja þarf amk tvo sjónvörp við hvern völl (ef kostur er), annar skjárinn þarf að snúa að keppendum og hinn til hliðar sem dómara sjá, það er gert til að tryggja að réttur keppandi sé á vellinum og að dómara geti fylgst með hvort stig og aðvaranir/refsingar séu rétt skráðar í kumite, en til að fylgjast með að rétt kata sé skráð í kata hlutanum. Ef aukaskjár er til, þá er gott að setja hann hjá upphitunarsvæði svo keppendur/þjálfarar geti fylgst með framvindu mótsins.

Vefútsending: KAÍ streymir frá öllum mótum á youtube rás sambandsins, sjá www.youtube.com (leita að Karatesambandi Íslands).

Verðlaunaafhending; Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið skulu stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Hefð er fyrir því að hafa uppskeruhátíð í lok síðasta móts þar sem verðlaun eru afhend. Mikilvægt er að amk 2 hafi farið yfir öll úrslit þannig að þau skráist rétt. Mótsstjóri og fulltrúi KAÍ afhenda keppendum verðlaun sín.

Myndataka; Mjög mikilvægt er að gera ráð fyrir að myndataka verði af öllum sigurvegurum svo hægt sé að senda fjölmiðlum upplýsingar og myndir, en einnig svo KAÍ geti birt myndir með úrslitum á heimasíðu sinni. Senda þarf fjölmiðlum myndir af sigurvegurum um leið og verðlaunaafhendingu er lokið.

Frágangur eftir BM

Það eru nokkur atriði sem þarf að huga að þegar hvert BM er lokið.

Tilkynning á úrslitum; Mótsstjóri sendir stjórn KAÍ úrslitin um leið og þau eru klár og eru þau birt á heimasíðu KAÍ og á sportdata.

Fjölmiðlatilkynningar; Senda þarf fjölmiðlum úrslitin um leið og mót er lokið ásamt myndum. Gott er að taka saman í orðum það helsta sem hefur gerst. Fjölmiðlar eru líklegri til að birta umfjallanir ef þeir fá til sín tilbúna texta frekar en hrá úrslit. Það er best að senda úrslitin sem ritvinnsluskjal en ekki excelskjal því það er auðveldara fyrir fjölmiðla að vinna úr ritvinnsluskjölum.

Skil á gögnum; Skila þarf opinberum keppnisgögnum til stjórnar KAÍ sem geymir öll gögn í viðeigandi möppum.

Skil á áhöldum; Senda þarf dýnur, þegar þær eru notaðar, til þess félags sem lánaði þær. Einnig þarf að gæta þess að öll flögg, klukkur og flautur skili sér til KAÍ sem ber ábyrgð á geymslu þeirra.

Uppgjör á mótum; Mótsstjórn þarf að senda gjaldkera KAÍ uppgjör fyrir ÍM um leið og því er lokið. Í uppgjörinu þarf að koma fram fjöldi keppenda frá hverju félagi og hver mótsgjöld hvers félags eigi að vera. Einnig hvort einhverjar kærur hafi komið fram og sektir við þeim ásamt sektum til félaga fyrir að hafa ekki útvegað dómara, starfsmenn eða liðsstjóra.

Gátlisti fyrir BM

Til þess að ekkert gleymist við undirbúning þá er gott að styðjast við eftirfarandi gátlista;

- Ákveða dagsetningu á mótinu
- Panta íþróttahús
- Ákveða tímasetningu á mótinu
- Tilkynna mótið til aðildafélaga og láta vita um skráningarfrest
- Panta verðlaunagripi (fyrir síðasta mót mótaraðarinnar)
- Fá lækni til að vera á mótinu
- Skipuleggja útdrátt, draga í flokkum, birta á sportdata.org og tilkynning send til aðildarfélaga
- Setja upp dagskrá fyrir mótið
- Prenta út frumgögn fyrir ritara og hlaupara
- Senda út fréttatilkynningu
- Ná í verðlaunagripi (fyrir síðasta mót mótaraðarinnar)
- Fá keppnisvelli á keppnisstað
- Fá stóla og borð fyrir alla
- Dómaraflokk séu til staðar
- Dómaratöflur séu til staðar
- Læknataska sé til staðar
- Athuga hvort nægt starfsfólk sé
- Skýringarblað fyrir uppreisn sé klárt
- Skorblöð séu klár
- Katalisti sé klár
- Samantektarblað fyrir úrslit
- Fá myndatöku af sigurvegurum
- Tilkynna úrslit eftir mót
- Skila gögnum á rétta staði
- Skila áhöldum
- Senda uppgjör til gjaldkera KAÍ

Grand Prix mót unglina

Undirbúningur

Áður en hægt er að halda Grand Prix mót þarf að huga að nokkrum atriðum svo allt gangi vel upp. Sjá nánar reglugerð um Bikarmót á vefsíðu KAÍ (<http://kai.is/grand-prix-mot/>).

Dagsetningar; Grand Prixmót (GP) eru haldin yfir almanaksárið. Grand Prix mótinu skal skipta í einn, tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite. Grand Prix mót eru fyrir unglina 12 til 17 ára og skal miðað við fæðingarár.

Tilkynningar; Eftir að mótanefnd hefur ákveðið keppnisdag fyrir mótið er það skráð á kai.is undir "Innlend mótadagskrá" og stofnað á sportdata.org. Þar koma fram mótsdagur, upphafsdagur skráningar og lokadagur skráningar. Miðað er við að skráningu sé lokið 2 sólarhringum fyrir mótið. Við hvern keppnisflokk er sett inn aldurstakmark og þátttökugjald. Staðsetningu mótsins er bætt við um leið og húsnæði er komið á hreint. Tilkynningar frá mótanefnd varðandi mótið eru settar inn á facebook síðu Karatesambandsins, á "Karate á Íslandi" og á heimasíðu Karatesambandsins, www.kai.is. Greiðslu þátttökugjalda skal vera lokið innan viku frá móti.

Keppnisflokkar; Á GP er keppt í sextán flokkum.

- 1) Kata stúlkna 12 ára.
- 2) Kata stúlkna 13 ára.
- 3) Kata stúlkna 14 og 15 ára.
- 4) Kata stúlkna 16 og 17 ára.
- 5) Kumite telpna 12 og 13 ára.
- 6) Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
- 7) Kumite stúlkna 16 og 17 ára.
- 8) Kata pilta 12 ára.
- 9) Kata pilta 13 ára.
- 10) Kata pilta 14 og 15 ára.
- 11) Kata pilta 16 og 17 ára.
- 12) Kumite pilta 12 ára.
- 13) Kumite pilta 13 ára.
- 14) Kumite pilta 14 ára.
- 15) Kumite pilta 15 ára.
- 16) Kumite pilta 16 og 17 ára.

Verðlaunagripir; Þanta þarf verðlaunagripa amk 2 vikum áður en síðasta mót á sér stað. Stærðir á verðlaunum eiga að vera u.þ.b.; Einstaklingsflokkur, verðlaunaskjöldur 18 cm á hæð, Verðlaunapeningar, 7 cm að þvermáli.



Áletrun verðlaunagripa; Hér er dæmi um áletrun.

1. Silfurlitaður skjöldur með áletrun; Grand Prix 2022 Kata 12 ára 1.sæti

1.silfur medalía, áletrun; GrandPrix 2022 Kata 12 ára 2.sæti

1.brons medalía, áletrun; GrandPrix 2022 Kata 12 ára 3.sæti

Útdráttur; Þegar þátttökutilkynningar frá félögum liggja fyrir þarf að taka saman alla keppendur í viðkomandi flokkum. Þegar fjöldi keppenda í hverjum flokki liggur ljós fyrir þá er keppnisskjal í sportdata keyrt út og fjöldi umferða í hverjum flokki fundin út. Dregið er í flokkum við uppsetningu mótsins, eftir að útdrátti er lokið eru ekki gerða neinar breytingar á skráningu keppenda. Eina undantekningin er þegar dregið er fyrir síðasta mótið, þá eiga þeir tveir einstaklingar sem eru hæstir að stigum eftir næst síðasta mót, að vera í sitt hvorum hópnum.

Tímasetningar; Mikilvægt er að reikna rétt út hvað hver flokkur tekur langan tíma svo raða megi þeim á keppnisvelli til að nýta sem best þann tíma sem til umráða er fyrir keppnina. Til viðmiðunar þá er gert ráð fyrir að hver viðureign taki um 3 mínútur en 4 mínútur í kumite.

Keppnisvellir; Samkvæmt reglum þá þarf keppnisvöllurinn að vera 8x8 metrar auk 2 metra öryggissvæðis á öllum hliðum. Fyrir kumitekeppni, þá skal snúa við tveimur dýnum 1 metra frá miðju sitt hvoru megin. Fyrir katakeppni þá skal völluminn vera einslitur nema ytri hlutinn af 8x8 metrum sem á að vera í öðrum lit. Mótanefnd þarf að tryggja að nægur fjöldi keppnisvalla sé fyrir hendi áður en mótið hefst, annað hvort hjá því félagi sem heldur mótið eða þá fá keppnisvöll lánaðan og sendan á staðinn.

Stólar og borð; Fyrir hvern keppnisvöll í kumite þá þurfa að vera borð og stólar fyrir ritara (amk 3 stólar), stólar fyrir dómara (5 stk), 4 við völluminn og 1 stóll við hliðina á ritaraborðinu. Einnig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir lækni. Fyrir katakeppni þá þarf borð og stóla fyrir 5-7 dómara eftir ákvörðun dómaranefndar, auk borð og stóls fyrir hlaupara sem skráir niður kata keppenda. Auk þess þarf að hafa borð/stóla fyrir mótsstjórn.

Starfsfólk; Þátttakendafélögum er skylt að útnefna starfsfólk og er það hlutverk mótanefndar að halda utan um skráningar á þeim. Fyrir GP amk 3 starfsmenn á hvern völluminn svo keppnin geti haldið vel áfram. Það þarf að vera amk 1 vanur starfsmaður á hverjum velli sem kann á kumiteklu/keppnistölvuna. Að auki þarf starfsfólk til að setja upp keppnisvelli, ritaraborð og stóla fyrir dómara. Venja hefur verið að það félag sem tekur að sér viðkomandi mót sjái um uppsetningu á keppnisstað, en það er á ábyrgð mótanefndar að rétt sé staðið að uppsetningu.

Læknir; Á öllum kumitekeppnum þarf læknir að vera til staðar eins og sagt er til í reglum. Læknir þarf að fylla út læknisskýrslu ef einhver keppandi fær áverka sem gætu haft áhrif í seinni bardögum. Gæta þarf þess að læknisskýrslur keppenda séu aðgengilegar lækninum, yfirleitt eru þær geymdar á ritaraborðinu þar sem viðkomandi keppni fer fram.

Læknataska; KAÍ á læknatösku sem er geymd með öðru keppnisgögnum, en hún þarf að vera til staðar á öllum kumitemótum.

Kumiteklu/keppnistölvur; KAÍ á keppnistölvur sem nota þarf í kumitekeppnum, stuðst er við kumitekerfi og klukku í gegnum sportdata. Eina tölvu þarf á hvern kumitevölluminn sem á að nota. Að auki er gott að til staðar sé skeiðklukka og flauta, til öryggis.

Dagskrá; Með öllum keppnisgögnum þarf að fylgja dagskrá þar sem tiltekið er á hvaða keppnisvelli hvaða keppnisflokkur á að vera. Einnig þarf að fylgja með tímasetning um hvenær viðkomandi keppnisflokkur á að hefjast. Þessi gögn á að birta á Sportdata þegar búið er að draga í flokkum.

Keppnisgögn; Venja er að láta þátttökufélög vita þegar keppnisgögnin eru tilbúin á sportdata, því það er á ábyrgð liðsstjóra hvers félags að hafa keppnisgögn með sér.

Framkvæmd á GP

Til þess að GP ganga vel fyrir sig þá þarf að huga að ákveðin atriðum.

Mótsstjóri; Mótanefnd þarf að skipa mótsstjóra sem ber ábyrgð á að mótið gangi vel fyrir sig. Mótsstjóri skipar starfsmenn í stöður og tekur ákvörðun um ef einhverjar breytingar þarf að gera á keppnisgögnum vegna t.d. forfalla. Mótsstjóri heldur liðsstjórafund hálf tíma fyrir mót til að fara yfir loka breytingar á skráningu og taka á athugasemdum ef einhverjar eru við framkvæmd mótsins. Einnig þarf mótsstjóri að meta hvort flytja þurfi keppnisflokka á milli keppnisvalla ef tímaáætlun hefur raskast á einhverjum keppnisvelli. Mótsstjóri heldur utan um öll úrslit og heldur þeim til haga ásamt því að undirbúa verðlaunaafhendingu.

Tæknistjóri; Mótanefnd þarf að skipa tæknistjóra sem ber ábyrgð á tölvubúnaði á mótsstað. Hann þarf að tengja keppnistölvuna á hverju borði og sjá til þess að þær skili gögnum í aðaltölvu hjá mótsstjórn.

Keppnisgögn; Mótanefnd ber ábyrgð á að rétt keppnisgögn séu sett á keppnisvelli. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þau keppnisgögn sem þurfa að vera til staðar fyrir GP í kumite.

Skráningarblöð; Skráningarblöð með nöfnum keppenda eru sett á ritaborðið til útfyllingar, ritari ber ábyrgð á að fylla þau rétt út, bæði hvað úrslit hvernig varðar sem og hvernig hún fer, þ.e. stig hvors keppanda fyrir sig. Þegar keppni í viðkomandi flokki lýkur þá eiga ritarar að koma útfylltum skráningarblöðum aftur til mótanefndar sem heldur utan um þau.

Katalisti; Fyrir GP þarf að liggja frammi listi fyrir allar leyfilegar kata (sjá kafla 5,1 í WKF reglum, kata hluti), en keppendur þurfa að sýna nýja kata í hverri umferð (athuga undanþágu fyrir 12-13 ára). Ritari sjá um að skrá nafn (númer skv.WKF lista) á þeirri kata sem keppandi sýnir í hverri umferð, yfirlitt er númer á kata skráð á skráningarblöðin til hægðarauka, skráð verður kata hvers keppanda í sportdata. Keppendur þurfa að tilkynna kata áður en umferðin sem þeir taka þátt í hefst. Gæta þarf þess að keppendur sjái ekki hvaða kata keppinautar þeirra hafa tilkynnt inn, því það getur haft áhrif á val seinni keppenda. Þegar keppandi hefur framkvæma kata, má hann ekki endurtaka hana.

Uppreisnarkerfi; Mjög mikilvægt er að skýringarblað fyrir uppreisnir fylgi með á ritaborðum, svo allir geti áttað sig á hvernig uppreisnarkerfið virkar í kumite. Þeir keppendur sem tapa fyrir þeim tveimur sem komast í úrslit, eiga rétt á að keppa um þriðja sætið. Nánari útskýring fylgir hér fyrir aftan.

Dómaraflokk; Fyrir GP þá þarf að vera 4 sett af dómaraflokkum til að nota í kumite fyrir hvern völl og eitt rautt flagg sem Eftirlitsdómari notar.

Dómaratöflur; Fyrir GP þá þarf að vera 5-7 sett af dómaratöflum til staðar fyrir dómara (fjöldi fer eftir ákvörðun dómaranefndar) á hverjum velli. Tæknistjóri ber ábyrgð á að dómaratöflur séu til staðar og séu rétt tengdar.

Skorblöð; Fyrir kumitekeppni þá þurfa skorblöð að vera til staðar, en sýnishorn af þeim er hér fyrir aftan. Þegar viðureign lýkur og keppni í viðkomandi flokki er lokið, þá fara skorblöðin með skráningarblöðin til mótsstjóra. Gæta verður þess að fylla út á skorblöðunum, hvaða flokk sé um að ræða og nafn/félag keppenda. Skorblöð eru hluti af gögnum mótsins.

Merki dómara í kumite; Fyrir allar kumitekeppni þurfa skýringarblöð með merkjum dómara að liggja fyrir. Þar er útskýrt þau merki sem aðaldómari notar til að gefa stig og refsingar. Mjög mikilvægt er að sá aðili sem fyllir út skorblaðið og sá sem er á klukkunni, þekki vel til merkinga dómara.

Læknaskýrsla; Á hverju kumitemóti þarf að vera til læknaskýrsla sem er þá merkt hverjum keppanda fyrir sig ef viðkomandi hefur hlotið aðhlyningu af lækni mótsins.

Samantekt á úrslitum; Mótsstjóri sér um að taka saman öll úrslit og skrá þau á úrslitablað. Á GP þá þarf að reikna út stig hvers einstaklings. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðju sæti, 3 stig fyrir að tapa viðureign um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig

fyrir þriðja sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti.

Starfsfólk; Á GP þurfa að vera amk 3 starfsmenn á hvern völlum. Fyrir katakeppnina þá ber Ritari ábyrgð á að rétt úrslit séu skráð í keppnistölvu, m.a. að einkunnir dómara hafi skilað sér rétt, aðstoðarritari sem ber ábyrgð á að kalla keppendur upp og segja til um hverjir eigi að vera tilbúnir. Hlaupari sem skráir hvaða kata hver keppandi framkvæmir í hverri umferð, en hann þarf að hafa hjá sér katalista, sjá hér að ofan. Fyrir kumitekeppni þá sér Tímavörður um keppnistölvuna/sportdata, ritari sem sér um að fylla út rétt úrslit á skráningarblöðin og aðstoðarritari sem skráir merkingar dómara á skorblað (stig og aðvaranir).

Tæknibúnaður; Fyrir GP í kumite þarf að vera tölva á hverjum velli sem heldur utan um úrslit í hverri viðureign og stig keppenda. Svo þarf að hafa 2 skjár (ef því er komið við).

Uppsetning; Við borð mótsstjóra er aðaltölvan, við hana þarf að tengja keppnistölvurnar sem eru á hverjum velli fyrir sig, svo úrslit í hverri viðureign skili sér á réttan stað.

Keppnistölvur; Setja þarf upp keppnistölvur á hverju velli fyrir sig og athuga hvort kumiteklukkan sé í lagi. Fyrir kata þá þarf tengja spjaldtölvurnar sem dómara nota, þannig að hver dómari sé með eina spjaldtölvu og að hún sé merkt númeri dómara. Notast er við QR merki til að tengja spjaldtölvu. Gæta þarf þess að spjaldtölvur séu hlaðnar.

Sjónvörp/tölvuskjár; Tengja þarf amk tvo sjónvörp við hvern völlum (ef kostur er), annar skjárinn þarf að snúa að keppendum og hinn til hliðar sem dómara sjá, það er gert til að tryggja að réttur keppandi sé á vellinum og að dómara geti fylgst með hvort stig og aðvaranir/refsingar séu rétt skráðar í kumite, en til að fylgjast með að rétt kata sé skráð í kata hlutanum. Ef aukaskjár er til, þá er gott að setja hann hjá upphitunarsvæði svo keppendur/þjálfarar geti fylgst með framvindu mótsins.

Vefútsending; KAÍ streymir frá öllum mótum á youtube rás sambandsins, sjá www.youtube.com (leita að Karatesambandi Íslands).

Verðlaunaafhending; Eftir að öllum Grand Prix mótum tímabilsins er lokið skal þremur stigahæstu keppendum í hverri grein veitt verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok Grand Prix keppinnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis. Hefð er fyrir því að hafa uppskeruhátíð í lok síðasta móts þar sem verðlaun eru afhend. Mikilvægt er að amk 2 hafi farið yfir öll úrslit þannig að þau skráist rétt. Mótsstjóri og fulltrúi KAÍ afhenda keppendum verðlaun sín.

Myndataka; Mjög mikilvægt er að gera ráð fyrir að myndataka verði af öllum sigurvegurum svo hægt sé að senda fjölmiðlum upplýsingar og myndir, en einnig svo KAÍ geti birt myndir með úrslitum á heimasíðu sinni. Senda þarf fjölmiðlum myndir af sigurvegurum um leið og verðlaunaafhendingu er lokið.

Frágangur eftir GP

Það eru nokkur atriði sem þarf að huga að þegar hvert GP er lokið.

Tilkynning á úrslitum; Mótsstjóri sendir stjórn KAÍ úrslitin um leið og þau eru klár og eru þau birt á heimasíðu KAÍ og á sportdata.

Fjölmiðlatilkynningar; Senda þarf fjölmiðlum úrslitin um leið og mót er lokið ásamt myndum. Gott er að taka saman í orðum það helsta sem hefur gerst. Fjölmiðlar eru líklegri til að birta umfjallanir ef þeir fá til sín tilbúna texta frekar en hrá úrslit. Það er best að senda úrslitin sem ritvinnsluskjal en ekki excelskjal því það er auðveldara fyrir fjölmiðla að vinna úr ritvinnsluskjöllum.

Skil á gögnum; Skila þarf opinberum keppnisgögnum til stjórnar KAÍ sem geymir öll gögn í viðeigandi möppum.

Skil á áhöldum; Senda þarf dýnur, þegar þær eru notaðar, til þess félags sem lánaði þær. Einnig þarf að gæta þess að öll flögg, klukkur og flautur skili sér til KAÍ sem ber ábyrgð á geymslu þeirra.

Uppgjör á mótum; Mótsstjórn þarf að senda gjaldkera KAÍ uppgjör fyrir ÍM um leið og því er lokið. Í uppgjörinu þarf að koma fram fjöldi keppenda frá hverju félagi og hver mótsgjöld hvers félags eigi að vera. Einnig hvort einhverjar kærur hafi komið fram og sektir við þeim ásamt sektum til félaga fyrir að hafa ekki útvegað dómara, starfsmenn eða liðsstjóra.

Gátlisti fyrir GP

Til þess að ekkert gleymist við undirbúning þá er gott að styðjast við eftirfarandi gátlista;

- Ákveða dagsetningu á mótinu
- Pantar íþróttahús
- Ákveða tímasetningu á mótinu
- Tilkynna mótið til aðildafélaga og láta vita um skráningarfrest
- Pantar verðlaunagripi (fyrir síðasta mót mótaraðarinnar)
- Fá lækni til að vera á mótinu
- Skipuleggja útdrátt, draga í flokkum, birta á sportdata.org og tilkynning send til aðildarfélaga
- Setja upp dagskrá fyrir mótið
- Prenta út frumgögn fyrir ritara og hlaupara
- Senda út fréttatilkynningu
- Ná í verðlaunagripi (fyrir síðasta mót mótaraðarinnar)
- Fá keppnisvelli á keppnisstað
- Fá stóla og borð fyrir alla
- Dómaraflokk séu til staðar
- Dómaratöflur séu til staðar
- Læknataska sé til staðar
- Athuga hvort nægt starfsfólk sé
- Skýringarblað fyrir uppreisn sé klárt
- Skorblöð séu klár
- Katalisti sé klár
- Samantektarblað fyrir úrslit
- Fá myndatöku af sigurvegurum
- Tilkynna úrslit eftir mót
- Skila gögnum á rétta staði
- Skila áhöldum
- Senda uppgjör til gjaldkera KAÍ

RIG (Reykjavik International Games)

Undirbúningur

Áður en hægt er að halda Karatehluta Reykjavik International Games þá þarf að huga að nokkrum atriðum svo allt gangi vel upp.

Dagsetningar; Karatehluti Reykjavik International Games (RIG) er haldinn um mánaðarmótin janúar-febrúar eftir ákvörðun framkvæmdastjórnar RIG. Keppt skal í kata og kumite.

Tilkynningar; Eftir að mótanefnd hefur ákveðið keppnisdag fyrir mótið er það skráð á kai.is undir "Innlend mótadagskrá" og stofnað á sportdata.org. Þar koma fram mótisdagur, upphafsdagur skráningar og lokadagur skráningar. Miðað er við að skráningu sé lokið 2 sólarhringum fyrir mótið. Við hvern keppnisflokk er sett inn aldurstakmark og þátttökugjald. Staðsetningu mótsins er bætt við um leið og húsnæði er komið á hreint. Tilkynningar frá mótanefnd varðandi mótið eru settar inn á facebook síðu Karatesambandsins, á "Karate á Íslandi" og á heimasíðu Karatesambandsins, www.kai.is. Greiðslu þátttökugjalda skal vera lokið innan viku frá móti.

Keppnisflokkar; Á RIG er keppt í 24 flokkum.

- 1) Kata kvenna
- 2) Kata stúlkna 13 ára.
- 3) Kata stúlkna 14 og 15 ára
- 4) Kata stúlkna 16 og 17 ára
- 5) Kata karla
- 6) Kata pílta 13 ára.
- 7) Kata pílta 14 og 15 ára.
- 8) Kata pílta 16 og 17 ára.
- 9) Kumite kvenna -61kg
- 10) Kumite kvenna +61kg
- 11) Kumite stúlkna 13 ára, -45kg
- 12) Kumite stúlkna 13 ára, +45kg
- 13) Kumite stúlkna 14 og 15 ára, -47kg
- 14) Kumite stúlkna 14 og 15 ára, +47kg
- 15) Kumite stúlkna 16 og 17 ára, -53kg
- 16) Kumite stúlkna 16 og 17 ára, +53kg
- 17) Kumite karla -75kg
- 18) Kumite karla +75kg
- 19) Kumite pílta 13 ára, -55kg
- 20) Kumite pílta 13 ára, +55kg
- 21) Kumite pílta 14 og 15 ára, -63kg
- 22) Kumite pílta 14 og 15 ára, +63kg
- 23) Kumite pílta 16 og 17 ára, -68kg
- 24) Kumite pílta 16 og 17 ára, +68kg

Verðlaunagripir; Notast er við verðlaunagripir sem framkvæmdastjórn RIG útvegar. Þanta þarf þá amk 2 vikum áður en mót á sér stað.

Áletrun verðlaunagripa; Hér er dæmi um áletrun.

- 1.gull medalía, áletrun; RIG 2022 Karate
- 1.silfur medalía, áletrun; RIG 2022 Karate
- 1.brons medalía, áletrun; RIG 2022 Karate

Útdráttur; Þegar þátttökutilkynningar frá félögum liggja fyrir þarf að taka saman alla keppendur í viðkomandi flokkum. Þegar fjöldi keppenda í hverjum flokki liggur ljós fyrir þá er keppnisskjal í sportdata keyrt út og fjöldi umferða í hverjum flokki fundin út. Dregið er í flokkum við uppsetningu mótsins, eftir að útdrátti er lokið eru ekki gerða neinar breytingar á skráningu keppenda.

Tímasetningar; Mikilvægt er að reikna rétt út hvað hver flokkur tekur langan tíma svo raða megi þeim á keppnisvelli til að nýta sem best þann tíma sem til umráða er fyrir keppnina. Til viðmiðunar þá er gert ráð fyrir að hver viðureign taki um 5 mínútur.

Keppnisvellir; Samkvæmt reglum þá þarf keppnisvöllurinn að vera 8x8 metrar auk 2 metra öryggissvæðis á öllum hliðum. Fyrir kumitekeppni, þá skal snúa við tveimur dýnum 1 metra frá miðju sitt hvoru megin. Fyrir katakeppni þá skal völluminn vera einslitur nema ytri hlutinn af 8x8 metrum sem á að vera í öðrum lit. Mótanefnd þarf að tryggja að nægur fjöldi keppnisvalla sé fyrir hendi áður en mótið hefst, annað hvort hjá því félagi sem heldur mótið eða þá fá keppnisvöll lánaðan og sendan á staðinn.

Stólar og borð; Fyrir hvern keppnisvöll í kumite þá þurfa að vera borð og stólar fyrir ritara (amk 3 stólar), stólar fyrir dómara (5 stk), 4 við völluminn og 1 stóll við hliðina á ritaraborðinu. Einnig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir lækni. Fyrir katakeppni þá þarf borð og stóla fyrir 5-7 dómara eftir ákvörðun dómaranefndar, auk borð og stóls fyrir hlaupara sem skráir niður kata keppenda. Auk þess þarf að hafa borð/stóla fyrir mótsstjórn.

Starfsfólk; Þátttakendafélögum er skylt að útnefna starfsfólk og er það hlutverk mótanefndar að halda utan um skráningar á þeim. Fyrir RIG þarf amk 3 starfsmenn á hvern völlum svo keppnin geti haldið vel áfram. Það þarf að vera amk 1 vanur starfsmaður á hverjum velli sem kann á kumiteklukku/keppnistölvuna. Að auki þarf starfsfólk til að setja upp keppnisvelli, ritaraborð og stóla fyrir dómara. Venja hefur verið að það félag sem tekur að sér viðkomandi mót sjái um uppsetningu á keppnisstað, en það er á ábyrgð mótanefndar að rétt sé staðið að uppsetningu.

Læknir; Á öllum kumitekeppnum þarf læknir að vera til staðar eins og sagt er til í reglum. Læknir þarf að fylla út læknisskýrslu ef einhver keppandi fær áverka sem gætu haft áhrif í seinni bardögum. Gæta þarf þess að læknisskýrslur keppenda séu aðgengilegar læknum, yfirleitt eru þær geymdar á ritaraborðinu þar sem viðkomandi keppni fer fram.

Læknataska; KAÍ á læknatösku sem er geymd með öðru keppnisgögnum, en hún þarf að vera til staðar á öllum kumitemótum.

Kumiteklukka; KAÍ á keppnistölvur sem nota þarf í kumitekeppnum, stuðst er við kumitekerfi og klukku í gegnum sportdata. Eina tölvu þarf á hvern kumitevöll sem á að nota. Að auki er gott að til staðar sé skeiðklukka og flauta, til öryggis.

Dagskrá; Með öllum keppnisgögnum þarf að fylgja dagskrá þar sem tiltekið er á hvaða keppnisvelli hvaða keppnisflokkur á að vera. Einnig þarf að fylgja með tímasetning um hvenær viðkomandi keppnisflokkur á að hefjast. Þessi gögn á að birta á Sportdata þegar búið er að draga í flokkum.

Keppnisgögn; Venja er að láta þátttökufélög vita þegar keppnisgögnin eru tilbúin á sportdata, því það er á ábyrgð liðsstjóra hvers félags að hafa keppnisgögn með sér.

Framkvæmd á RIG

Til þess að RIG ganga vel fyrir sig þá þarf að huga að ákveðin atriðum.

Mótsstjóri; Mótanefnd þarf að skipa mótsstjóra sem ber ábyrgð á að mótið gangi vel fyrir sig. Mótsstjóri skipar starfsmenn í stöður og tekur ákvörðun um ef einhverjar breytingar þarf að gera á keppnisgögnum vegna t.d. forfalla. Mótsstjóri heldur liðsstjórafund hálf tíma fyrir mót til að fara yfir

loka breytingar á skráningu og taka á athugasemdum ef einhverjar eru við framkvæmd mótsins. Einnig þarf mótsstjóri að meta hvort flytja þurfi keppnisflokka á milli keppnisvalla ef tímaáætlun hefur raskast á einhverjum keppnisvellingum. Mótsstjóri heldur utan um öll úrslit og heldur þeim til haga ásamt því að undirbúa verðlaunaafhendingu.

Tæknistjóri; Mótanefnd þarf að skipa tæknistjóra sem ber ábyrgð á tölvubúnaði á mótsstað. Hann þarf að tengja keppnistölvuna á hverju borði og sjá til þess að þær skili gögnum í aðaltölvu hjá mótsstjórn.

Keppnisgögn; Mótanefnd ber ábyrgð á að rétt keppnisgögn séu sett á keppnisvellinga. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þau keppnisgögn sem þurfa að vera til staðar fyrir RIG í kumite.

Skráningarblöð; Skráningarblöð með nöfnum keppenda eru sett á ritaborðið til útfyllingar, ritari ber ábyrgð á að fylla þau rétt út, bæði hvað úrslit hvernar viðureignar varðar sem og hvernig hún fer, þ.e. stig hvors keppanda fyrir sig. Þegar keppni í viðkomandi flokki lýkur þá eiga ritarar að koma útfylltum skráningarblöðum aftur til mótanefndar sem heldur utan um þau.

Katalisti; Fyrir RIG þarf að liggja frammi listi fyrir allar leyfilegar kata (sjá kafla 5,1 í WKF reglum, kata hluti), en keppendur þurfa að sýna nýja kata í hverri umferð. Ritarar sjá um að skrá nafn (númer skv.WKF lista) á þeirri kata sem keppandi sýnir í hverri umferð, yfirleitt er númer á kata skráð á skráningarblöðin til hæðarauka, skráð verður kata hvers keppanda í sportdata. Keppendur þurfa að tilkynna kata áður en umferðin sem þeir taka þátt í hefst. Gæta þarf þess að keppendur sjái ekki hvaða kata keppinautar þeirra hafa tilkynnt inn, því það getur haft áhrif á val seinni keppenda. Þegar keppandi hefur framkvæmt kata, má hann ekki endurtaka hana.

Uppreisnarkerfi; Mjög mikilvægt er að skýringarblað fyrir uppreisnir fylgi með á ritaborðum, svo allir geti áttað sig á hvernig uppreisnarkerfið virkar í kumite. Þeir keppendur sem tapa fyrir þeim tveimur sem komast í úrslit, eiga rétt á að keppa um þriðja sætið. Nánari útskýring fylgir hér fyrir aftan.

Dómaraflokk; Fyrir RIG þá þarf að vera 4 sett af dómaraflokkum til að nota í kumite fyrir hvern völl og eitt rautt flagg sem Eftirlitsdómari notar.

Dómaratöflur; Fyrir RIG þá þarf að vera 5-7 sett af dómaratöflum til staðar fyrir dómara (fjöldi fer eftir ákvörðun dómaraefndar) á hverjum velli. Tæknistjóri ber ábyrgð á að dómaratöflur séu til staðar og séu rétt tengdar.

Skorblöð; Fyrir kumitekeppni þá þurfa skorblöð að vera til staðar, en sýnishorn af þeim er hér fyrir aftan. Þegar viðureign lýkur og keppni í viðkomandi flokki er lokið, þá fara skorblöðin með skráningarblöðin til mótsstjóra. Gæta verður þess að fylla út á skorblöðunum, hvaða flokk sé um að ræða og nafn/félag keppenda. Skorblöð eru hluti af gögnum mótsins.

Merki dómara í kumite; Fyrir allar kumitekeppni þurfa skýringarblöð með merkjum dómara að liggja fyrir. Þar er útskýrt þau merki sem aðaldómari notar til að gefa stig og refsingar. Mjög mikilvægt er að sá aðili sem fyllir út skorblaðið og sá sem er á klukkunni, þekki vel til merkinga dómara.

Læknaskýrsla; Á hverju kumitemóti þarf að vera til læknaskýrsla sem er þá merkt hverjum keppanda fyrir sig ef viðkomandi hefur hlotið aðhlyningu af lækni mótsins.

Samantekt á úrslitum; Mótsstjóri sér um að taka saman öll úrslit og skrá þau á úrslitablað.

Starfsfólk; Á RIG þurfa að vera amk 3 starfsmenn á hvern völl. Fyrir katakeppni þá ber Ritari ábyrgð á að rétt úrslit séu skráð í keppnistölvu, m.a. að einkunnir dómara hafi skilað sér rétt, aðstoðarritari sem ber ábyrgð á að kalla keppendur upp og segja til um hverjir eigi að vera tilbúnir. Hlaupari sem skráir hvaða kata hver keppandi framkvæmir í hverri umferð, en hann þarf að hafa hjá sér katalista, sjá hér að ofan. Fyrir kumitekeppni þá sér Tímavörður um keppnistölvuna/sportdata, ritari sem sér um að fylla út rétt úrslit á skráningarblöðin og aðstoðarritari sem skráir merkingar dómara á skorblað (stig og aðvaranir).

Tæknibúnaður; Fyrir RIG í kumite þarf að vera tölva á hverjum velli sem heldur utan um úrslit í hverri viðureign og stig keppenda. Svo þarf að hafa 2 skjáir (ef því er komið við).

Uppsetning: Við borð mótstjóra er aðaltölvun, við hana þarf að tengja keppnistölvurnar sem eru á hverjum velli fyrir sig, svo úrslit í hverri viðureign skili sér á réttan stað.

Keppnistölvur: Setja þarf upp keppnistölvur á hverju velli fyrir sig og athuga hvort kumiteklukkan sé í lagi. Fyrir kata þá þarf að tengja spjaldtölvurnar sem dómara nota, þannig að hver dómari sé með eina spjaldtölvu og að hún sé merkt númeri dómara. Notast er við QR merki til að tengja spjaldtölvu. Gæta þarf þess að spjaldtölvur séu hlaðnar.

Sjónvörp/tölvuskjár: Tengja þarf amk tvo sjónvörp við hvern völl (ef kostur er), annar skjárinn þarf að snúa að keppendum og hinn til hliðar sem dómara sjá, það er gert til að tryggja að réttur keppandi sé á vellinum og að dómara geti fylgst með hvort stig og aðvaranir/refsingar séu rétt skráðar í kumite, en til að fylgjast með að rétt kata sé skráð í kata hlutanum. Ef aukaskjár er til, þá er gott að setja hann hjá upphitunarsvæði svo keppendur/þjálfarar geti fylgst með framvindu mótsins.

Vefútsending: KAÍ streymir frá öllum mótum á youtube rás sambandsins, sjá www.youtube.com (leita að Karatesambandi Íslands).

Verðlaunaafhending; Þegar öllum úrslitum er lokið á RIG, þá fer fram verðlaunaafhending og er hún á ábyrgð mótstjórnar. Mikilvægt er að amk 2 hafi farið yfir öll úrslit þannig að þau skráist rétt. Mótstjóri og fulltrúi RIG sjá um að afhenda keppendum verðlaun sín.

Myndataka; Mjög mikilvægt er að gera ráð fyrir að myndataka verði af öllum sigurvegum svo hægt sé að senda fjölmiðlum upplýsingar og myndir, en einnig svo KAÍ geti birt myndir með úrslitum á heimasíðu sinni. Senda þarf fjölmiðlum myndir af sigurvegum um leið og verðlaunaafhendingu er lokið.

Frágangur eftir RIG

Það eru nokkur atriði sem þarf að huga að þegar RIG er lokið.

Tilkynning á úrslitum; Mótstjóri sendir stjórn KAÍ úrslitin um leið og þau eru klár og eru þau birt á heimasíðu KAÍ og á sportdata, einnig þarf að senda fjölmiðlafulltrúa RIG úrslitin svo þau birtist á sameiginlegri síðu RIG.

Fjölmiðlatilkynningar; Senda þarf fjölmiðlum úrslitin um leið og mót er lokið ásamt myndum. Fyrir RIG þá þurfa allar tilkynningar að fara til fjölmiðlafulltrúa ÍBR sem sér um samskiptin við fjölmiðla, en úrslit frá RIG birtast á mbl.is undir sér síðu. Muna að senda myndir af sigurvegum með umfjöllun svo þær birtist. Gott er að taka saman í orðum það helsta sem hefur gerst. Fjölmiðlar eru líklegri til að birta umfjallanir ef þeir fá til sín tilbúna texta frekar en hrá úrslit. Það er best að senda úrslitin sem ritvinnsluskjal en ekki excelskjal því það er auðveldara fyrir fjölmiðla að vinna úr ritvinnsluskjalum.

Val á Íþróttafólki; Á RIG eru valin íþróttakona og íþróttamaður hverrar greinar. Mótstjórn þarf því að senda ÍBR val á þeim tveimur einstaklingum sem sköruðu fram úr á karatemótinu. Þeim verður veitt sérstök viðurkenning á uppskeruhátíð RIG, muna að tilkynna viðkomandi einstaklingum um valið svo þau geti mætt á uppskeruhátíðina.

Skil á gögnum; Skila þarf opinberum keppnisgögnum til stjórnar KAÍ sem geymir öll gögn í viðeigandi möppum.

Skil á áhöldum; Senda þarf dýnur, þegar þær eru notaðar, til þess félags sem lánaði þær. Einnig þarf að gæta þess að öll flögg, klukkur og flautur skili sér til KAÍ sem ber ábyrgð á geymslu þeirra.

Uppgjör á mótum; Mótstjórn þarf að senda gjaldkera KAÍ uppgjör fyrir RIG um leið og því er lokið. Í uppgjörinu þarf að koma fram fjöldi keppenda frá hverju félagi og hver mótsgjöld hvers félags eigi að vera. Einnig hvort einhverjar kærur hafi komið fram og sektir við þeim ásamt sektum til félaga fyrir að hafa ekki útvegað dómara, starfsmenn eða liðsstjóra.

Gátlisti fyrir RIG

Til þess að ekkert gleymist við undirbúning þá er gott að styðjast við eftirfarandi gátlista;

- Ákveða dagsetningu á mótinu
- Panta íþróttahús
- Ákveða tímasetningu á mótinu
- Tilkynna mótið til aðildafélaga og láta vita um skráningarfrest
- Panta verðlaunagrip
- Fá lækni til að vera á mótinu
- Skipuleggja útdrátt, draga í flokkum, birta á sportdata.org og tilkynning send til aðildarfélaga
- Setja upp dagskrá fyrir mótið
- Prenta út frumgögn fyrir ritara og hlaupara
- Senda út fréttatilkynningu
- Ná í verðlaunagrip
- Fá keppnisvelli á keppnisstað
- Fá stóla og borð fyrir alla
- Dómaraflokk séu til staðar
- Dómaratöflur séu til staðar
- Læknataska sé til staðar
- Athuga hvort nægt starfsfólk sé
- Skýringarblað fyrir uppreisn sé klárt
- Skorblöð séu klár
- Katalisti sé klár
- Samantektarblað fyrir úrslit
- Fá myndatöku af sigurvegurum
- Tilkynna úrslit eftir mót
- Skila gögnum á rétta staði
- Skila áhöldum
- Senda uppgjör til gjaldkera KAÍ

Fylgiskjöl fyrir karatemót

Á næstu blaðsíðum má sjá sýnishorn af þeim fylgiskjöllum sem nota þarf fyrir skipulagningu og framkvæmd á karatemótum.

Útskýring á uppreisn

Útskýring á hvernig uppreisn virkar. Gert er ráð fyrir að keppendur 1 og 2 fari í úrslit. Þeir keppendur sem 1 og 2 hafa sigrað keppa um 3ja sætið í sitthvorum hlutanum.

	uppreisn A hluti	9.			
		5.			
1.			3.		3ja sæti
	1.				
9.		1.			
5.					
	5.				
13.					
		A	1.		
3.					
	3.				
11.					
		3.			
7.					
	7.				
15.					
2.					
	2.				
10.					
		2.			
6.					
	6.				
14.					1.
		B	2.		
4.					
	4.				2.
12.					
		4.			
8.					3.
	8.				
16.					3.
	uppreisn B hluti	10.			
		6.			
			4.		3ja sæti

Katalisti

Sjá nánar í WKF reglum (varðandi uppfærslur á lista), grein 5.1 í katahlutanum;

ARTICLE 5: CRITERIA FOR EVALUATION**5.1 Official kata list**

Only kata from the official kata list may be performed:

1	Anan	35	Jiin	69	Passai
2	Anan Dai	36	Jion	70	Pinan Shodan
3	Ananko	37	Jitte	71	Pinan Nidan
4	Aoyagi	38	Juroku	72	Pinan Sandan
5	Bassai	39	Kanchin	73	Pinan Yondan
6	Bassai Dai	40	Kanku Dai	74	Pinan Godan
7	Bassai Sho	41	Kanku Sho	75	Rohai
8	Chatanyara Kusanku	42	Kanshu	76	Saifa
9	Chibana No Kushanku	43	Kishimoto No Kushanku	77	Sanchin
10	Chinte	44	Kousokun	78	Sansai
11	Chinto	45	Kousokun Dai	79	Sanseiru
12	Enpi	46	Kousokun Sho	80	Sanseru
13	Fukyugata Ichi	47	Kururunfa	81	Seichin
14	Fukyugata Ni	48	Kusanku	82	Seienchin (Seiyunchin)
15	Gankaku	49	Kyan No Chinto	83	Seipai
16	Garyu	50	Kyan No Wanshu	84	Seiryu
17	Gekisai (Geksai) 1	51	Matsukaze	85	Seishan
18	Gekisai (Geksai) 2	52	Matsumura Bassai	86	Seisan (Sesan)
19	Gojushiho	53	Matsumura Rohai	87	Shiho Kousokun
20	Gojushiho Dai	54	Meikyo	88	Shirpa
21	Gojushiho Sho	55	Myojo	89	Shinsei
22	Hakuchō	56	Naifanchin Shodan	90	Shisochin
23	Hangetsu	57	Naifanchin Nidan	91	Sochin
24	Haufa (Haffa)	58	Naifanchin Sandan	92	Suparinpei
25	Heian Shodan	59	Naihanchi	93	Tekki Shodan
26	Heian Nidan	60	Nijushiho	94	Tekki Nidan
27	Heian Sandan	61	Nipaipo	95	Tekki Sandan
28	Heian Yondan	62	Niseishi	96	Tensho
29	Heian Godan	63	Ohan	97	Tomari Bassai
30	Heiku	64	Ohan Dai	98	Unshu
31	Ishimine Bassai	65	Oyadomari No Passai	99	Unsu
32	Itosu Rohai Shodan	66	Pachu	100	Useishi
33	Itosu Rohai Nidan	67	Paiku	101	Wankan
34	Itosu Rohai Sandan	68	Papuren	102	Wanshu

Note: Names of some kata are duplicated due to the variations customary in spelling in Romanization. In several instances a kata may be known under a different name from style (Ryu-ha) to style, - and in exceptional instances an identical name may in fact be a different kata from style to style.

Hér má sjá útskýringu á fjölda riðla sem á að setja keppendur í m.v. fjölda keppenda. Einnig sést fjöldi kata sem hver keppandi þarf að framkvæma m.v. heildarfjölda keppenda í viðkomandi flokki, sjá nánar í WKF reglum, grein 3 í katahlutanum;

EXPLANATION:

I. The following table summarise the number of pools and groups according to number of Competitors:

Number of Competitors	Number of groups	Number of Kata performed to win	Competitors in the second round
2	1	1	Zero (No second round)
3	1	1	Zero (No second round)
4	2	2	Medal Bout (only for gold)
5 to 10	2	2	Medal Bout
11 to 24	2	3	8 Competitors
25 to 48	4	4	16 Competitors
49 to 96	8	4	32 Competitors
97 to 192	16	5	64 Competitors
193 or more	32	6	128 Competitors



Kata skráning

Kyn FEMALE MALE

Flokkur: U14 CADET JUNIOR SENIOR

Nafn: _____

Félag: _____

Númer / nafn á kata

1. /

2. /

3. /



SKORKORT KUMITE

AO				Flokkur				AKA											
Nafn: _____				Félag: _____				Nafn: _____				Félag: _____							
1	2	3	4	5	6	7	8	SENSHU	1	2	3	4	5	6	7	8	SENSHU		
9	10	11	12	13	14	15	16		9	10	11	12	13	14	15	16			
C1	C	K	HC	H	C2	C	K	HC	H	C1	C	K	HC	H	C2	C	K	HC	H
Heildarstig <input type="text"/>				Niðurstaða <input type="text"/>				Heildarstig <input type="text"/>				Niðurstaða <input type="text"/>							


AO				Flokkur				AKA											
Nafn: _____				Félag: _____				Nafn: _____				Félag: _____							
1	2	3	4	5	6	7	8	SENSHU	1	2	3	4	5	6	7	8	SENSHU		
9	10	11	12	13	14	15	16		9	10	11	12	13	14	15	16			
C1	C	K	HC	H	C2	C	K	HC	H	C1	C	K	HC	H	C2	C	K	HC	H
Heildarstig <input type="text"/>				Niðurstaða <input type="text"/>				Heildarstig <input type="text"/>				Niðurstaða <input type="text"/>							

AO				Flokkur				AKA											
Nafn: _____				Félag: _____				Nafn: _____				Félag: _____							
1	2	3	4	5	6	7	8	SENSHU	1	2	3	4	5	6	7	8	SENSHU		
9	10	11	12	13	14	15	16		9	10	11	12	13	14	15	16			
C1	C	K	HC	H	C2	C	K	HC	H	C1	C	K	HC	H	C2	C	K	HC	H
Heildarstig <input type="text"/>				Niðurstaða <input type="text"/>				Heildarstig <input type="text"/>				Niðurstaða <input type="text"/>							


AO				Flokkur				AKA											
Nafn: _____				Félag: _____				Nafn: _____				Félag: _____							
1	2	3	4	5	6	7	8	SENSHU	1	2	3	4	5	6	7	8	SENSHU		
9	10	11	12	13	14	15	16		9	10	11	12	13	14	15	16			
C1	C	K	HC	H	C2	C	K	HC	H	C1	C	K	HC	H	C2	C	K	HC	H
Heildarstig <input type="text"/>				Niðurstaða <input type="text"/>				Heildarstig <input type="text"/>				Niðurstaða <input type="text"/>							

Merki dómara í kumite**TILKYNNINGAR DÓMARA OG STIGAGJÖF**


Hér eru sýnishorn af helstu merkjunum sem stigaverðir verða að þekkja. Eins og sést þá eru stig í kumitkeppni gefin á þrjá vegu og aðvaranir/refsingar eru koma úr tveimur flokkum.

STIG:

Yuko (1 stig), Dómarinn réttir úr handleggnum, er snýr að skoraranum, skáhalt niður á við.




Waza-ari (2 stig), Dómarinn réttir úr handleggnum beint út frá



IPPON (3 stig), Dómarinn réttir skáhalt upp á við úr handleggnum er snýr að skoraranum.

REFSINGAR:


Flokkur 1, öll refsistig í flokki 1 byrja með þessu merki. Dómarinn snýr sér að hinum brotlega og krossar handleggina í bringu hæð.




Flokkur 2, öll refsistig í flokki 2 byrja með þessu merki. Dómarinn bendir með vísifingri (með bognum olnboga) í átt að andliti hins brotlega.




Aōvōrun: Aōvōrun úr flokki 1.




Aōvōrun: Aōvōrun úr flokki 2.




KEIKOKU, Dómarinn lýsir yfir broti á Flokki 1 eða 2 og bendir síðan með vísifingri niður á við í átt til hins brotlega.




HANSOKU CHUI, Dómarinn lýsir yfir broti á Flokki 1 eða 2 og bendir síðan með vísifingri lárétt í átt til hins brotlega.



HANSOKU, Dómarinn lýsir yfir broti á Flokki 1 eða 2 og bendir síðan með vísifingri uppá við í átt að hinum brotlega og lýsir andstæðinginn sigurvegara.

 KARATESAMBAND ÍSLANDS									
		Úrslitaviðureign Kumite							
	Mót								
	Flokkur								
AKA						Félag:			
AO						Félag:			
Kansa									
Referee									
Judge 1									
Judge 2									
Judge 3									
Judge 4									

Úrslitablað fyrir kata

	Úrslitaviðureign Kata				
	Mót				
Flokkur					
AKA	Félag:				
AO	Félag:				
Judge 1					
Judge 2					
Judge 3					
Judge 4					
Judge 5					
Judge 6					
Judge 7					

	Liðaskipan í sveitakeppni kumite	
Keppni		
Félag/lið		
Keppnislitur		
Keppandi nr.1		
Keppandi nr.2		
Keppandi nr.3		
Keppandi nr.4		
Keppandi nr.5		

Hér er sýnishorn um hvernig samantekt á úrslitum geta litið út.

Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata												
Hagaskóla, laugardaginn 12.mars 2022												
Kata kvenna		Afturelding	Akranes	Akureyri	Breiðablik	Fjölnir	Fylkir	Haukar	ÍR	KFR	Víkingur	Dórshamar
1.												
2.												
3.												
3.												
Kata karla												
1.												
2.												
3.												
3.												
Hópkata kvenna												
1.												
2.												
3.												
3.												
Hópkata karla												
1.												
2.												
3.												
3.												
Heildarstig félaga												
Afturelding	0											
Akranes	0											
Akureyri	0											
Breiðablik	0											
Fjölnir	0											
Fylkir	0											
Haukar	0											
ÍR	0											
KFR	0											
Víkingur	0											
Dórshamar	0											